

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 14. nóvember 2017 í máli nr. E-2998/2016:

Protabú Leiguvéla ehf.

(Árni Ármann Árnason hrl.)

gegn

Tá ehf.

(Sveinn Jónatansson hdl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september 2017, er höfðað með stefnu sem birt var 13. september 2016. Stefnandi er þrotabú Leiguvéla ehf., Borgartúni 26, Reykjavík, en stefndi er Tá ehf., Brekkugerði 16, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Vegna kaupa Leiguvéla ehf. á áhöldum, tækjum, innréttingum, tölvum o.fl. af Tá ehf.

- i) Að rift verði með dómi þeirri ráðstöfun hins gjaldþrota félags, Leiguvéla ehf., að kaupa áhöld, tæki, innréttingar, tölvur og annan tölvubúnað af Tá ehf. fyrir 62.750.000 krónur með vsk. samkvæmt reikningi, dagsettum, 29. febrúar 2012.
- ii) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 62.750.000 krónur ásamt skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 62.750.500 krónum frá 29. febrúar 2012 til þingfestingardags 4. október 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardeggi til greiðsludags.

2. Vegna peningagreiðslna Leiguvéla ehf. til stefnda á tímabilinu 31. desember 2012–1. september 2015.

a) Aðallega:

- i) Að rift verði með dómi eftirfarandi greiðslum hins gjaldþrota félags, Leiguvéla ehf., til stefnda samtals að fjárhæð 6.759.000 krónur með vsk. sem fram fóru:

þann 31. desember 2012, fjárhæð 753.000 krónur,

þann 1. mars 2013, að fjárhæð 376.500 krónur,

þann 1. maí 2013, að fjárhæð 376.500 krónur,

þann 1. ágúst 2013, að fjárhæð 564.750 krónur,

þann 31. desember 2013 að fjárhæð 941.250 krónur,

þann 30. júní 2014 að fjárhæð 1.129.500 krónur,

þann 31. ágúst 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 30. október 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 31. desember 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 31. mars 2015 að fjárhæð 558.000 krónur,
þann 1. september 2015 að fjárhæð 930.000 krónur.

- ii) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 6.759.000 krónur ásamt skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 753.000 krónum frá 31. desember 2012 til 1. mars 2013, af 1.129.500 krónum frá 1. mars 2013 til 1. maí 2013, af 1.506.000 krónum frá 1. maí 2013 til 1. ágúst 2013, af 2.070.750 krónum frá 1. ágúst 2013 til 31. desember 2013, af 3.012.000 krónum frá 31. desember 2013 til 30. júní 2014, af 4.141.500 krónum frá 30. júní 2014 til 31. ágúst 2014, af 4.518.000 krónum frá 31. ágúst 2014 til 30. október 2014, af 4.894.500 krónum frá 30. október 2014 til 31. desember 2014, af 5.271.000 krónum frá 31. desember 2014 til 31. mars 2015, af 5.829.000 krónum frá 31. mars 2015 til 1. september 2015, af 6.759.000 krónum frá 1. september 2015 til þingfestingardags 4. október 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af þeirri fjárhæð frá þingfestingardegi til greiðsludags.

b) Til vara:

- i) Að rift verði með dómi eftirfarandi greiðslum hins gjaldþrota félags, Leiguvéla ehf., til stefnda samtals að fjárhæð 4.688.250 krónur með vsk. sem fram fóru:

þann 31. desember 2013 að fjárhæð 941.250 krónur,
þann 30. júní 2014 að fjárhæð 1.129.500 krónur,
þann 31. ágúst 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 30. október 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 31. desember 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 31. mars 2015 að fjárhæð 558.000 krónur,
þann 1. september 2015 að fjárhæð 930.000 krónur.

- ii) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 4.688.250 krónur ásamt skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 941.250 krónum frá 31. desember 2013 til 30. júní 2014, af 2.070.750 krónum frá 30. júní 2014 til 31. ágúst 2014, af 2.447.256 krónum frá 31. ágúst 2014 til 30. október 2014, af 2.823.750 krónum frá 30. október 2014 til 31. desember 2014, af 3.200.250 krónum frá 31. desember 2014 til 31. mars 2015, af 3.758.250 krónum frá 31. mars 2015 til 1. september 2015, af 4.688.250 krónum frá 1. september 2015 til

þingfestingardags 4. október 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. um vexti og verðtryggingu. af þeirri fjárhæð frá þingfestingardegi til greiðsludags.

3. Vegna yfirtöku stefnda á skuldum Leiguvéla ehf.

- i) Að rift verði með dómi greiðslu hins gjaldþrota félags, Leiguvéla ehf., til stefnda, að fjárhæð 12.000.000 króna sem fram fór á grundvelli samkomulags frá 6. maí 2015 með framsali á kröfu að fjárhæð 12.000.000 króna á hendur Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf., kt. 000000-0000.
- ii) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 12.000.000 króna ásamt skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 12.000.000 króna frá 6. maí 2015 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardegi 4. október 2016 til greiðsludags.

4. Vegna kaupa Leiguvéla ehf. á hraðtengi og tveimur skóflum af stefnda.

- i) Að rift verði með dómi þeirri ráðstöfun hins gjaldþrota félags, Leiguvéla ehf., að kaupa hraðtengi og tvær skóflur af stefnda fyrir 4.051.000 krónur með virðisaukaskatti samkvæmt reikningi, dagsettum 30. október 2014.
- ii) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 4.051.000 krónur ásamt skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 4.051.140 krónum frá 30. október 2014 til þingfestingardags 4. október 2016, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardegi til greiðsludags.

5. Vegna peningagreiðslna Leiguvéla ehf. til stefnda þann 1. júní 2015.

- i) Að rift verði með dómi eftirfarandi greiðslum hins gjaldþrota félags, Leiguvéla ehf., til stefnda samtals að fjárhæð 1.267.445 krónur með virðisaukaskatti, sem fram fóru
þann 1. júní 2015, fjárhæð 934.500 krónur
þann 1. júní 2015, að fjárhæð 332.945 krónur
- ii) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.267.445 krónur ásamt skaðabótavöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, af 1.267.445 krónum frá 1. júní 2015 til þingfestingardags 4. október 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi í öllum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

II

Leiguvélar ehf. var félag sem starfaði við útleigu og sölu á vinnuvélum til fyrirtækja hér á landi og erlendis. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum, dagsettum 20. desember 2012, var leiga og sala á tækjum, smásala og heildsala, ráðgjafastarfsemi, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og tengd starfsemi. Gunnar Viðar Bjarnason var framkvæmdastjóri og prókúruhafi Leiguvéla ehf. ásamt því að vera eini stjórnarmaður félagsins. Stefndi átti 92,46% hlutafjár í Leiguvélum ehf. og er Gunnar Viðar stjórnarformaður stefnda og prókúruhafi. Stefndi átti einnig 75,49% eignarhlut í VB Vörumeðhöndlun ehf. Að sögn stefnda voru ekki aðrir starfsmenn í vinnu hjá Leiguvélum ehf. en VB Vörumeðhöndlun ehf. hafi veitt Leiguvélum ehf. þjónustu í samvinnu við stefnda sem hafi falist í starfsmannahaldi. Síðarnefnda félagið hafi annast allar viðgerðir og þjónustu á viðkomandi tækjum, sölumál, samskipti við viðskiptamenn og fjármögnunarfyrirtæki, bókhald og fjárhagslegt utanumhald og útvegað húsnæði undir starfseminum, geymslusvæði fyrir vélar og tæki o.s.frv.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 2016 var bú Leiguvéla ehf. tekið til gjaldþrotaskipta og var Lilja Jónasdóttir hrl. skipuð skiptastjóri þrotabúsins. Innköllun birtist í fyrsta sinn í Lögbirtingablaðinu 14. janúar 2016 og kröfulýsingarfrestur rann út 14. mars sama ár. Fyrsti skiptafundur var haldinn 1. apríl 2016. Frestdagur við skiptin er 21. október 2015 en þann dag barst dóminum krafa Lýsingar hf. um að bú Leiguvéla ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt kröfuskrá, dagsettri 23. mars 2016, nema lýstar kröfur í búið samtals 775.655.275 krónum.

Leiguvélar ehf. áttu í umfangsmiklum viðskiptum við Lýsingu hf. og Ergo, fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka hf., á árunum 2002 til 2010 vegna fjármögnunar á vinnuvélum. Samtals voru um 200 fjármögnunarleigusamningar gerðir við Lýsingu hf. á umræddu tímabili og um 100 fjármögnunarleigusamningar við Ergo. Árið 2011 kom upp ágreiningur um efni þessara samninga sem var í grundvallaratriðum tvíþættur. Í fyrsta lagi laut ágreiningur aðila að því hvort Leiguvélar ehf. yrði, gegn greiðslu við lok grunnleigutíma, eigandi þeirra véla og tækja sem fjármögnunarleigusamningarnir tóku til. Í öðru lagi var tekist á um það hvort umræddir samningar væru lánssamningar, sem hefðu að geyma ólögmeta gengistryggingu sem Leiguvélar ehf. ættu rétt á að yrðu endurútreiknaðir, eða hvort um væri að ræða leigusamninga þar sem aðilum hefði verið heimilt að semja um að leigugjald tæki mið af breytingum á gengi erlendra gjaldmiðla. Vegna þessa

stöðvuðu Leiguvélar ehf. greiðslur til Lýsingar hf. og Ergo, enda taldi félagið sig hafa ofgreitt af samningum sínum og eiga rétt á umtalsverðum endurgreiðslum frá þeim.

Á árunum 2014–2016 voru rekin þrjú dómsmál milli Leiguvéla ehf. og Lýsingar hf., sem áttu öll rót að rekja til framangreinds ágreinings, sbr. dóma Hæstaréttar Íslands 4. mars 2015 í máli nr. 121/2015, 4. febrúar 2016 í máli nr. 757/2015 og 25. febrúar 2016 í máli nr. 563/2015. Í málinu nr. 121/2015 var fallist á kröfu Lýsingar hf. um að 42 tiltekin tæki yrðu með beinni aðfarargerð tekin úr vörslum Leiguvéla ehf. og fengin félaginu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 2015, sem var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og fékk málsnúmerið 757/2015, var Lýsing hf. sýknuð af þeirri kröfu Leiguvéla ehf. að viðurkennt yrði að tilteknir fjármögnunarleigusamningar milli félaganna væru gengistryggðir með ólögum hætti. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 2015, sem var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og fékk málsnúmerið 563/2015, var fallist á kröfu Lýsingar hf. um að Leiguvélum ehf. yrði gert að rita undir beiðni til nafngreinds banka um að öll innistæða á tilteknum bankareikningi yrði greidd Lýsingu hf.

Leyst var úr ágreiningi milli Leiguvéla ehf. og Ergo með þeim hætti að fjármögnunarleigusamningar voru endurreiknaðir í tvígang, 3. október 2012 og 14. apríl 2015. Við endurútreikning var þessum samningum breytt í kaupleigusamninga. Leiguvélar ehf. hætti að greiða af samningunum á árinu 2011 og bærust síðustu greiðslurnar 6. maí 2011. Greiðslur sem bærust eftir þetta voru ekki inntar af hendi af Leiguvélum ehf., heldur voru þær inneignir vegna endurútreiknings sem var ráðstafað til lækkunar á skuld Leiguvéla ehf. Þess var krafist að tæki sem voru í eigu Ergo yrðu tekin úr vörslum Leiguvéla ehf. með aðfararbeiðnum sem beint var til Héraðsdóms Reykjavíkur 6. ágúst 2015. Einnig hætti Leiguvélar ehf. að greiða af samningum sínum við Lýsingu hf. í ágúst 2011. Lýstar kröfur Lýsingar hf. í þrotabúið nema 543.575.126 krónum og lýstar kröfur Íslandsbanka hf. vegna Ergo nema 183.166.190 krónum.

Skiptastjóri lét Ernst & Young ehf. gera rannsókn á tilteknum atriðum í bókhaldi þrotabús Leiguvéla ehf. frá 1. janúar 2012 til úrskurðardags 7. janúar 2016, sem m.a. fól í sér athugun á öllum viðskiptum milli tengdra aðila á umræddu tímabili, og er skýrsla þar um dagsett 23. ágúst 2016.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda bréf með yfirlýsingu um riftun 29. ágúst 2016. Í bréfinu var stefndi krafinn um greiðslur og skýringar á tilteknum ráðstöfunum. Stefnandi höfðaði síðan mál þetta 13. september sama ár.

Stefnandi vísar til þess að stefndi sé nákominn Leiguvélum ehf. í skilningi 5. og 6. tl. 3. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., þar sem hann hafi átt 92,46% eignarhlut í félaginu, og þar sem stjórnarformaður stefnda, prókúruhafi og næst stærsti eigandi var Gunnar Viðar Bjarnason, sem hafi jafnframt verið prókúruhafi og framkvæmdastjóri Leiguvéla ehf.

Stefnandi byggir á því að Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært félag þegar hinar riftanlegu ráðstafanir fóru fram. Í hugtakinu ógjaldfærni felist annars vegar að fjárhag viðkomandi sé þannig háttað að eignir séu minni en skuldir og hins vegar að viðkomandi geti ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verði talið sennilegt að greiðsluferfiðleikar muni líða hjá innan skamms tíma.

Í áritun endurskoðanda stefnanda á óendurskoðaðan ársreikning Leiguvéla ehf. fyrir árið 2012 sé vakin athygli á skýringu 14 í reikningnum þar sem fram komi að rekstrarhæfi félagsins sé háð því að nægilegur stuðningur fái frá lánardrottnum og eigendum þess. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2012 hafi tap félagsins af reglulegri starfsemi numið 83.200.350 krónum. Í lok ársins hafi veltufjármunir verið 361.570.750 krónur en skammtímaskuldir 546.275.769 krónur. Veltufjárhlutfallið (veltufjármunir deilt með skammtímaskuldum) hafi því aðeins verið 0,66. Í fyrirtækjarekstri sé eðlilegt að gera kröfu til þess að hlutfallið sé herra en einn, annars sé hætt á að fyrirtæki lendi í greiðsluferfiðleikum. Sé tekið mið af því að stór hluti veltufjár félagsins hafi verið í formi bundinna bankainnstæðna sem hafi réttilega verið eign Lýsingar hf., sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 563/2015, sé ljóst að veltufjárhlutfall hafi í raun verið lægra en 0,66. Hin miklu vanskil félagsins árið 2012 og hið mjög svo lága veltufjárhlutfall þess beri því ótvírætt vitni að félagið hafi verið ógjaldfært árið 2012.

Samkvæmt ársreikningi Leiguvéla ehf. vegna ársins 2013 hafi bókfært eigið fé verið neikvætt um 40.972.250 krónur. Í reynd hafi staðan verið mun verri og megi nefna að í ársreikningnum hafi verið bókfærð krafa á Vélaborg ehf. (síðar V67 ehf.) að fjárhæð um 130.000.000 króna. Í 11. tl. í skýringum með ársreikningnum komi fram að óvissa ríki um það hvort Vélaborg ehf. sé rekstrarhæft og þar með væri óvissa um verðmæti kröfunnar. Bú Vélaborgar ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 4. febrúar 2015. Í ársreikningnum sé einnig fjallað um óvissu um stöðu skulda og eigna félagsins vegna endurútreikninga lána í erlendri mynt, en svo virðist sem stjórn félagsins hafi á þessum tíma gengið út frá því að félagið myndi fá umtalsverðar skuldir leiðréttar, sbr. 9. og 12. tl. í skýringum með ársreikningnum. Þá komi fram að rekstrarhæfi félagsins sé háð því að félagið fái umtalsverðar leiðréttingar á skuldum sínum og félagið nái að styrkja fjárhag þess með þeim hætti. Bókfærðar eignir félagsins hafi, miðað við þetta, verið

stórlega ofmetnar við gerð ársreikningsins, a.m.k. hafi veruleg óvissa ríkt um verðmæti eigna félagsins og mögulegar skuldaleiðréttingar. Af öllu framangreindu leiði að félagið hafi búið við talsverðan eignahalla a.m.k. frá lokum árs 2013. Því hafi Leiguvélar ehf. verið ógjaldfært félag í lok árs 2013.

Samkvæmt drögum að ársreikningi Leiguvéla ehf. vegna ársins 2014 hafi bókfært eigið fé verið neikvætt um 295.130.595 krónur. Stefnandi telur að í apríl árið 2014 hafi verið búið að eyða þeirri réttaróvissu sem hafi verið uppi varðandi fjármögnunarleigusamninga Lýsingar hf. Stefnandi telur því einsýnt að Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært félag á þessum tíma.

Samkvæmt viðskiptayfirlitum Lýsingar hf. hafi skuldir Leiguvéla ehf. hinn 1. apríl 2014 vegna fjármögnunarleigusamninga numið 851.082.900 krónum með virðisaukaskatti. Þar af hafi gjaldfallnar skuldir vegna útgefinna reikninga verið 370.540.824 krónur. Þá hafi verið fyrir hendi skuld vegna jafngreiðsluláns í íslenskum krónum, án veðs, að fjárhæð 49.031.298 krónur, en þar af hafi 43.089.859 krónur verið gjaldfallnar. Samtals hafi skuldir Leiguvéla ehf. því á þessum tímapunkti numið 900.114.198 krónum. Hinn 1. október sama ár hafi skuldir Leiguvéla ehf. vegna fjármögnunarleigusamninga numið 871.966.546 krónum með virðisaukaskatti. Þar af hafi gjaldfallnar skuldir vegna útgefinna reikninga verið 378.040.824 krónur. Þá hafi verið fyrir hendi skuld vegna jafngreiðsluláns í íslenskum krónum, án veðs, að fjárhæð 43.089.859 krónur sem hafi verið gjaldfallið. Samtals hafi skuldir Leiguvéla ehf. því á þessum tímapunkti numið 915.056.405 krónum. Hinn 30. apríl 2015 hafi skuldir Leiguvéla ehf. vegna fjármögnunarleigusamninga numið 792.864.466 krónum með virðisaukaskatti. Þar af hafi gjaldfallnar skuldir vegna útgefinna reikninga verið 378.040.824 krónur. Þá hafi verið fyrir hendi skuld vegna jafngreiðsluláns í íslenskum krónum, án veðs, að fjárhæð 43.089.859 krónur sem hafi verið gjaldfallið. Samtals hafi skuldir Leiguvéla ehf. því á þessum tímapunkti numið 835.954.325 krónum.

Samkvæmt viðskiptayfirlitum Ergo hafi skuldir Leiguvéla ehf. vegna fjármögnunar- og kaupleigusamninga numið 205.199.175 krónum miðað við 1. október 2014, 207.378.265 krónum miðað við 29. desember 2014 og 171.876.021 krónu miðað við 30. apríl 2015, þ.e. eftir seinni endurútreikning Íslandsbanka hf. sem miðaðist við 14. apríl 2015, og hafi öll fjárhæðin verið í vanskilum 30. apríl 2015.

Af framangreindu leiði að 2014 hafi skuldir Leiguvéla ehf. verið langt umfram eignir og á þeim tíma hefði ekki verið greitt af gjaldföllum skuldum um margra ára skeið. Þá hafi tekjur Leiguvéla ehf. af útleigu tækja farið sífellt minnkandi en þær hafi á árinu 2013 numið um 73.300.000 krónum, um 39.000.000 króna árið 2014 og ekki verið neinar 2015. Það sé því engum vafa undirorpið að

Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært félag þegar hinar riftanlegu ráðstafanir hafi farið fram.

Stefnandi vísar til þess, að hinn 29. febrúar 2012 hafi Leiguvélar ehf. keypt áhöld, tæki, innréttingar, tölvur o.fl. af stefnda fyrir 62.750.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Listi þar sem þessi áhöld og tæki séu sundurliðuð og verðmetin hafi fylgt reikningi fyrir tækin. Kaupverð tækjanna hafi verið fært á lánardrottnareikning stefnda í bókhaldi Leiguvéla ehf. og hafi því skuld félagsins við stefnda hækkað um sömu fjárhæð. Skuldin hafi síðan verið endurgreidd á næstu 12 mánuðum með reiðufé. Á reikningum frá stefnda vegna viðskiptanna komi m.a. fram:

<i>Seldar eignir samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Áhöld og tæki sem eru í notkun hjá Vélaborgarverkstæðunum og koma frá Vélaborg, B&L, Vélaver og Tandraberg. Heildarverð samkvæmt lista</i>	29.485.000 kr.
<i>Innréttingar á skrifstofum, búð og lagerum Vélaborgar og VBV bæði í Reykjavík og á Austurlandi. Heildarverð samkvæmt lista</i>	10.230.000 kr.
<i>Tölvur og annar tæknibúnaður sem er í notkun hjá Vélaborg og VBV bæði í Reykjavík og á Austurlandi. Heildarverð samkvæmt lista</i>	10.285.000 kr.
Samtals	50.000.000 kr.
Virðisaukaskattur 25,5%	12.750.000 kr.
	62.750.000 kr.

Stefnandi byggir á því að framangreind kaup hafi ekki verið í samræmi við tilgang Leiguvéla ehf. eins og honum sé lýst í samþykktum félagsins og ekki verði séð að nein ástæða hafi verið fyrir félagið til að kaupa þessar eignir. Hvorki liggi fyrir upplýsingar um að Leiguvélar ehf. hafi fengið tækin afhent né að félagið hafi haft einhverjar leigutekjur af þeim. Í skýrslutöku af Gunnar Viðari Bjarnasyni hjá skiptastjóra þann 15. janúar 2016 hafi hann staðfest að starfsemi félagsins hafi lokið að mestu í byrjun árs 2012 þegar félagið seldi stóran hluta af tækjunum. Einnig hafi komið fram að Gunnar Viðar hafi séð alfarið um rekstur Leiguvéla ehf. allt frá árinu 2012. Á árinu 2012 hafi tap af reglulegri starfsemi félagsins verið

81.484.336 krónur sem sýni að rekstur félagsins hafi verið mjög erfiður á þessum tíma. Þá hafi Gunnar Viðar staðfest í skýrslutöku hjá skiptastjóra þann 18. september 2015 að enginn starfsmaður hafi starfað hjá Leiguvélum ehf. þegar tækin voru keypt. Það staðfesti að mati stefnanda að félagið hafi ekkert haft með þessi tæki að gera og að enginn rekstrarlegur tilgangur hafi búið að baki kaupnum. Framangreint staðfesti að markmið löggerningsins hafi verið að færa fjármuni frá Leiguvélum ehf. yfir til stefnda. Þannig hafi leigutekjur sem Leiguvélar ehf. fengu greiddar frá viðskiptamönnum sínum verið nýttar til að greiða stefnda í stað þess að greiða gjaldfallnar skuldir við lánardrottna sem hafi verið verulegar á þessum tíma.

Stefnandi byggir á því að umrædd ráðstöfun hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og leitt til þess að eignir Leiguvéla ehf. hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Leiguvélar ehf. hafi ekki greitt inn á kröfur sínar hjá Ergo eftir maí 2011 og ekki inn á kröfur sínar hjá Lýsingu eftir ágúst 2011. Einsýnt sé að þessi ráðstöfun hafi brotið gegn jafnræðisreglum skuldaskilaréttar, leitt til óþarfa skuldaaukningar og orðið þannig öðrum kröfuhöfum til tjóns. Ráðstöfunin sé því riftanleg samkvæmt almennu riftunarreglu 141. gr. laga nr. 21/1991.

Með greiðslum á grundvelli sölusamningsins hafi meirihluti af því reiðufé sem var til ráðstöfunar í rekstrinum verið greiddur stefnda og því hafi ekki verið hægt að nota það til að greiða kröfur annarra kröfuhafa. Þá hafi augljóslega verið um að ræða verulegar fjárhæðir samanborið við aðrar eignir er voru til ráðstöfunar og tekjur í rekstrinum á þessum tíma. Stefnandi telur að svo háar peningagreiðslur til stefnda fyrir verðmæti, sem félagið hafi engin not haft fyrir, hafi verið ótilhlýðilegar miðað við stöðu Leiguvéla ehf. á þessum tíma.

Stefnandi telur að Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært félag er umræddar greiðslur fóru fram og stefndi hafi vitað um ógjaldfærni félagsins sem og þær aðstæður sem hafi leitt til þess að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg. Miðað við svör Gunnars Viðars í skýrslutöku hjá skiptastjóra hafi honum verið fullljóst strax í ársbyrjun 2012 að bú Leiguvéla ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta, fengi félagið ekki leiðréttingu á skuldum sínum við Lýsingu hf. og Ergo.

Stefnandi bendir á að við athugun á bókhaldi Leiguvéla ehf. hafi komið í ljós að félagið greiddi stefnda samtals 6.759.000 krónur á tímabilinu 31. desember 2012 til 1. september 2015. Framangreindir fjármunir hafi verið greiddir á grundvelli samtals 11 reikninga vegna „ráðgjafar“ á tilteknu tímabili. Af þeim gögnum sem eru til í bókhaldi félagsins sé ekki ljóst í hverju umrædd ráðgjöf hafi verið fólgin og telur stefnandi að reikningarnir séu tilhæfulausir. Um sé að ræða eftirfarandi greiðslur:

Dags.	Fylgiskjal	Færslutexti	Kredit
31.12.2012	1854	Tá ehf., ráðgjöf sept. – des	753.000 kr.
1.3.2013	224	Tá ehf., ráðgjöf v/jan-feb	376.500 kr.
2.5.2013	574	Tá ehf., ráðgjöf v/mars – apríl	376.500 kr.
1.8.2013	868	Tá ehf., ráðgjöf maí – júlí	564.750 kr.
31.12.2013	1307	Ráðgjöf ágúst-des 2013	941.250 kr.
30.6.2014	469	Tá ráðgjöf jan-jún 2014	1.129.500 kr.
31.8.2014	639	Tá ehf, ráðgjöf júlí-ágúst	376.500 kr.
30.10.2014	748	Tá ehf., ráðgjöf sept-okt	376.500 kr.
31.12.2014	884	Tá ehf. – Ráðgjöf f. nóv&des	376.500 kr.
31.3.2015	80	Tá, ráðgjöf f. jan-febr	376.500 kr.
1.9.2015	161	Tá ehf.	930.000 kr.
Samtals:			6.759.000 kr.

Varðandi þennan kröfulið byggir stefnandi aðalkröfu sína á því að ofangreindar peningagreiðslur sem Leiguvélar ehf. innti af hendi til stefnda séu riftanlegar ráðstafanir á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991. Peningagreiðslurnar hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og hafi leitt til þess að eignir Leiguvéla ehf. hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þessar ráðstafanir hafi brotið gegn jafnræðisreglum skuldaskilaréttar og orðið öðrum kröfuhöfum til tjóns. Með greiðslunum hafi mikið af reiðufé sem var til ráðstöfunar í rekstrinum verið greitt stefnda. Þá hafi augljóslega verið um að ræða verulegar fjárhæðir samanborið við aðrar eignir er voru til ráðstöfunar og tekjur í rekstrinum á þessum tíma. Á sama tíma hafi ekki verið greitt af skuldum við stærstu kröfuhafa félagsins. Svo háar peningagreiðslur til stefnda hafi verið ótilhlýðilegar miðað við stöðu Leiguvéla ehf. á þessum tíma.

Stefnandi telur að búið hafi verið að eyða mestri réttaróvissu um fjármögnunarleigusamninga Lýsingar hf. í maí 2012 og að óvissunni hafi verið eytt að öllu leyti í apríl 2014. Gunnar Viðar hafi hins vegar gert allt til að halda Leiguvélum ehf. gangandi eins lengi og mögulegt var í því skyni að tæma allar eignir sem voru inni í félaginu og færa þær til stefnda og tengdra félaga. Þetta hafi m.a. verið gert með tilgangslausum málarekstri fyrir dómstólum, þótt skýr dómafordæmi hafi legið fyrir. Með þessum hætti hafi því verið reynt að tefja óumflýjanleg og fyrirséð gjaldþrotaskipti á félaginu, en félagið hafi verið með öllu eignalaust þegar bú þess hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Stefnandi byggir á því að Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært félag þegar umræddar greiðslur fóru fram og stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni félagsins sem og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Varðandi þennan kröfulið byggir stefnandi varakröfu sína á því að greiðslur skulda Leiguvéla við stefnda á tímabilinu 31. desember 2013 til 1. september 2015, samtals að fjárhæð 4.688.250 krónur, séu riftanlegar ráðstafanir samkvæmt 134. gr. laga nr. 21/1991, þar sem greiðslurnar hafi skert greiðslugetu þrotamanns verulega. Stefndi sé nákominn aðili í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991. Greiðslurnar hafi verið inntar af hendi 24 mánuðum fyrir frestdag og sé því tímaskilyrði 2. mgr. 134. gr. sömu laga uppfyllt.

Stefnandi telur að við mat á því hvort greiðslurnar hafi skert greiðslugetu Leiguvéla ehf. verulega verði að líta til fjárhagsstöðu félagsins á þessu tímabili í viðu samhengi, m.a. hvaða eignir hafi verið til ráðstöfunar, skuldastöðu, tekjur og umfang rekstrarins o.fl. Þá þurfi að meta fjárhæð hinna riftanlegu greiðslna samanborið við aðrar greiðslur sem inntar voru af hendi á tímabilinu.

Stefnandi byggir á því að meta eigi sem eina heild allar greiðslur Leiguvéla ehf. til stefnda á umræddu tímabili. Í því felist að greiðsla, sem ein og sér teljist ekki hafa skert greiðslugetu þrotamanns verulega, teljist veruleg þegar allar greiðslu hafa verið lagðar saman. Leiguvélar ehf. hafi verið ógreiðslufært félag og búið við talsverðan eignahalla allt frá 2012. Af bankareikningi Leiguvéla ehf. hjá Kviku hf., nr. 0701-05-303045, megi sjá að frá því í byrjun árs 2014 og fram að gjaldþroti félagsins haustið 2015 hafi u.þ.b. 85% af því reiðufé sem félagið hafði til ráðstöfunar í rekstrinum á þessum tíma verið greitt nákomnum aðilum, þ.e. stefnda og VB Vörumeðhöndlun ehf. Á sama tíma hafi aðeins óverulegar fjárhæðir verið greiddar stærstu kröfuhöfum félagsins, Lýsingu hf. og Ergo. Við mat á því hvort greiðslur hafi skert greiðslugetu verulega verði einnig að líta til greiðslugetu Leiguvéla ehf. með því að bera saman greiðslur sem inntar voru af hendi í rekstrinum og þær tekjur sem félagið hafði á þessum tíma. Tekjur félagsins af útleigu tækja fyrir allt árið 2014 voru um 39.000.000 króna og engar tekjur hafi verið af útleigu tækja árið 2015. Greiðslur til stefnda hafi verið mjög háar miðað við aðrar kröfur og tekjur í rekstrinum. Á sama tíma og greiðslurnar hafi farið fram, hafi félagið átt óverulegar eignir til ráðstöfunar samanborið við þá fjármuni sem runnu til stefnda. Þær greiðslur sem um ræði geti ekki talist venjulegar eftir atvikum í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991 en sönnunarbyrðin hvíli á stefnda að því er þetta varðar. Þá hvíli sönnunarbyrði um gjaldfærni Leiguvéla ehf. á þeim tíma sem um ræðir á stefnda.

Verði ekki fallist á að allar greiðslur á umræddu tímabili, samtals að fjárhæð 4.688.250 krónur, séu í heild riftanlegar samkvæmt 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, byggir stefnandi á því að greiðslurnar séu a.m.k. riftanlegar að hluta á þessum grundvelli. Stefnandi telur ljóst að greiðslur sem inntar voru af hendi 31. mars 2015 og 1. september 2015, samtals að fjárhæð 1.488.000 krónur, hafi skert

greiðslugetu Leiguvéla ehf. verulega miðað við fjárhagsstöðu félagsins er þær fóru fram. Nánar tiltekið er um að ræða tvær greiðslur vegna ráðgjafar, sú fyrri fór fram. 31. mars 2015 að fjárhæð 376.500 krónur og sú síðari 1. september 2015 að fjárhæð 930.000 krónur. Lítil sem engin starfsemi hafi verið í félaginu á þessum tíma, engar tekjur hafi verið í rekstrinum og búið hafi verið að ráðstafa öllum eignum félagsins.

Fallist dómurinn ekki á að þær greiðslur sem tilgreindar séu í varakröfunni séu riftanlegar á grundvelli 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, byggir stefnandi á því að þessar greiðslur hafi falið í sér örlætisgerninga sem séu riftanlegar ráðstafanir á grundvelli 2. mgr. 131. gr. sömu laga. Stefnandi bendir á að í reikningum að baki umþrættum greiðslum sé eingöngu tilgreint að um sé að ræða þóknun fyrir ráðgjöf vegna tilgreinds tímabils. Engin frekari sundurliðun á þessum ráðgjafarkostnaði sé í bókhaldi Leiguvéla ehf. og ekki séu til tímaskýrslur starfsmanna stefnda sem eigi að hafa veitt meinta ráðgjöf. Þar sem engin gögn liggja fyrir um meinta ráðgjöf, telur stefnandi að reikningarnir séu tilhæfulausir og að þeir hafi verið útbúnir til þess að færa fjármuni frá Leiguvélum ehf. yfir til stefnda. Tímamarksskilyrði ákvæðisins sé uppfyllt, enda hafi umþrættar greiðslur allar verið inntar af hendi af nákomnum aðila innan 24 mánaða fyrir frestdag. Þrotamaðurinn hafi ekki verið gjaldfær þegar greiðslur á grundvelli reikninganna fóru fram. Í ljósi þeirra eigna- og stjórnunartengsla sem hafi verið á milli Leiguvéla ehf. og stefnda beri stefndi sönnunarbyrðina fyrir því að umræddar ráðstafanir hafi ekki verið örlætisgerningar í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnandi bendir á að 6. maí 2015 hafi Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. og Leiguvélar ehf. samið um að fyrrgreinda félagið tæki yfir skuld þess síðarnefnda við stefnda að fjárhæð 12.000.000 króna vegna tækisins KV-A88. Samkvæmt samkomulaginu sé skuldin til komin vegna uppgjors á umræddu ökutæki sem Leiguvélar ehf. hafi selt stefnda en Leiguvélar ehf. hafi ekki getað yfirfært eignarrétt vegna ágreinings við Ergo. Þá segi í samkomulaginu að þar sem Leiguvélar ehf. hafi ekki getað leyst tækið út úr Ergo vegna ágreinings um skuldir og uppgjör og þar sem Ergo hafi rift leigusamningi, hafi verið farin sú leið að stefndi skilaði bifreiðinni til Leiguvéla ehf., sem skuldaði stefnda því markaðsverð tækisins við skil sem sé 12 milljónir króna án virðisaukaskatts.

Í bókhaldi Leiguvéla ehf. sé skuld Vélaborgar Vörumeðhöndlunar ehf. við Leiguvélar ehf. lækkuð um 12.000.000 króna. Samkvæmt bókhaldi Leiguvéla ehf. hafi ekki verið bókfærð skuld við stefnda vegna þessa. Þá hafi ekki fundist nein gögn um þessa meintu skuld, nema umrætt samkomulag. Án framangreinds skuldauppgjors hefði stefndi orðið að lýsa almennri kröfu að fjárhæð 12.000.000 króna í þrotabú stefnanda og hefði lítið fengist upp í þá kröfu. Í því tilviki hefði krafa búsins á Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. verið 12.000.000 króna hærri. Engu

máli skipti þótt búið hafi verið svo um hnúta að skuldin væri gerð upp með yfirtökuskjali frá þriðja aðila, því krafa Leiguvéla ehf. hafi samhliða verið lækkuð á það félag og því sé tjón stefnanda 12.000.000 króna.

Í bókhaldsskýrslu Ernst & Young ehf. sé farið nákvæmlega yfir viðskiptareikning Vélaborgar Vörumeðhöndlunar ehf. í bókhaldi Leiguvéla ehf. Á bls. 23 í skýrslunni sé að finna kreditfærslu að fjárhæð 12.000.000 króna vegna samkomulagsins. Þessi kreditfærsla geri það að verkum að krafa Leiguvéla ehf. á það félag lækki úr 120.749.674 krónum í 108.749.674 krónur.

Stefnandi hafi rift framangreindu samkomulagi um yfirtöku skuldar með bréfi til stefnanda, dagsettu 29. ágúst 2016, og krafist endurgreiðslu á 12.000.000 króna.

Stefnandi byggir aðallega á því að greiðsla á skuld Leiguvéla ehf. við stefnda með fyrrnefndu samkomulagi hafi falið í sér riftanlega ráðstöfun samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, þar sem greiðslan hafi farið fram með óvenjulegum greiðslueyri, verið greidd fyrr en eðlilegt var, auk þess sem hún hafi skert greiðslugetu þrotamannsins verulega. Þá hafi greiðslan ekki verið venjuleg eftir atvikum.

Ofangreind greiðsla hafi byggst á samkomulagi, dagsettu 6. maí 2015, sem hafi verið fylgt eftir með bókhaldsfærslum samdægurs. Greiðslan hafi því farið fram innan tímamarka 1. mgr. 134. gr. Þá hafi greiðslan átt sér stað með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi ákvæðisins, þar sem greiðslan hafi farið fram með afhendingu á skuldaviðurkenningu sem útgefin hefði verið af þriðja aðila, Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. Skuldaviðurkenningar þriðja manns við þessar aðstæður, þ.m.t. skuldabréf, hafi af dómstólum verið taldar óvenjulegur greiðslueyri.

Umrædd greiðsla hafi verið innt af hendi fyrr en eðlilegt var í skilningi 1. mgr. 134. gr. Á þeim tíma er greiðslan fór fram hafi langstærstu kröfuhafar félagsins, Lýsing hf. og Ergo, átt kröfur upp á mörg hundruð milljónir króna sem að verulegu leyti hafi verið í vanskilum. Stefnandi hafi hætt að greiða Ergo í maí 2011 og hann hafði ekki heldur greitt Lýsingu hf. frá því í ágúst 2011. Því hafi verið óeðlilegt að stefnandi skyldi greiða stefnda upp allar vanefndir sínar við hann vegna vanskila sem komu síðar til. Með þessu hafi verið brotið gróflega á jafnræði kröfuhafa.

Þessi greiðsla hafi skert greiðslugetu Leiguvéla ehf. verulega. Við mat á þessu atriði verði að líta til fjárhagsstöðu félagsins á þessu tímabili í víðu samhengi, m.a. hvaða eignir hafi verið til ráðstöfunar, skuldastöðu félagsins, tekjur og umfang rekstrarins o.fl. Leiguvélar ehf. hafi verið ógreiðslufært og búið við talsverðan eignahalla allt frá 2012. Sú staða hafi aldrei vænkast, heldur þvert á móti.

Leiguvélar ehf. hafi því verið ógjaldfært a.m.k. í maí 2015. Við mat á því hvort greiðslur Leiguvéla ehf. hafi skert greiðslugetu félagsins verulega, verði einnig að bera saman greiðslur sem inntar hafi verið af hendi í rekstrinum og þær tekjur sem félagið hafi haft á þessum tíma. Tekjur Leiguvéla ehf. af útleigu tækja fyrir allt árið 2014 hafi verið um 39.000.000 króna og engar verið árið 2015. Greiðslur til stefnda hafi verið mjög háar miðað við aðrar kröfur og tekjur í rekstrinum, sem smám saman hafi fjarað út og í raun verið að engu orðnar árið 2015. Á tímabilinu frá 3. apríl 2014 til 24. ágúst 2015 hafi mjög óverulegar fjárhæðir verið greiddar stærstu kröfuhöfum félagsins. Þannig hafi 406.844 krónur verið greiddar Lýsingu hf. og 613.073 krónur greiddar Ergo.

Greiðsla samkvæmt umræddu samkomulagi geti á engan hátt talist eðlileg eftir atvikum, enda hafi verið greidd skuld við einn kröfuhafa, á kostnað allra annarra kröfuhafa félagsins, skömmu fyrir gjaldþrot.

Fallist dómurinn ekki á að greiðslan sé riftanleg á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991, byggir stefnandi á því að greiðslan sé riftanleg ráðstöfun á grundvelli 141. gr. sömu laga. Stefnandi telur að greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og leitt til þess að eignir Leiguvéla ehf. hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Þessi ráðstöfun hafi þannig falið í sér brot á jafnræðisreglu skuldaskilaréttar og orðið öðrum kröfuhöfum til tjóns. Með greiðslunni hafi stórum hluta eigna Leiguvéla ehf. verið ráðstafað til stefnda, enda hafi krafa Leiguvéla ehf. á Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. lækkað samhliða um 12.000.000 króna. Fjárhæðin hafi augljóslega verið veruleg samanborið við aðrar eignir sem voru til ráðstöfunar og tekjur í rekstrinum á þessum tíma sem hafi engar verið. Á sama tíma hafi ekki verið greitt af skuldum við stærstu kröfuhafa félagsins. Svo há greiðsla til stefnda hafi því verið ótilhlýðileg miðað við stöðu Leiguvéla ehf. á þessum tíma. Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært félag þegar umrædd greiðsla hafi farið fram og stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni félagsins sem og þær aðstæður sem hafi leitt til þess að ráðstöfunin teljist ótilhlýðileg.

Stefnandi bendir á að hinn 30. október 2014 hafi Leiguvélar ehf. keypt hraðtengi og tvær skóflur af stefnda fyrir 4.051.140 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Framangreind viðskipti nákominna verði að teljast harla einkennileg, m.a. í ljósi þess að nær engin starfsemi hafi verið í Leiguvélum ehf. á þessum tíma. Því sé vandséð af hverju félagið hafi haft þörf fyrir framangreint lausafé. Um sé að ræða eftirfarandi lausafé samkvæmt útgefnum reikningi nr. 461:

1 stk M1-HSC09110AL Hraðtengi MPGCX460	828.000 kr.
1 st.k M2-CS16042D1MRMSO Skófla 4,2M 921E	1.260.000 kr.

1 stk M2-S4096G1900C1EO Skófla 75“CX460	1.140.000 kr.
Samtals	3.228.000 kr.
Vsk	823.140 kr.
Samtals með vsk.	4.051.140 kr.

Hvorki liggi fyrir upplýsingar um að Leiguvélar ehf. hafi fengið tækin afhent né að félagið hafi haft einhverjar leigutekjur af þeim. Viðkomandi tæki hafi hvorki fundist í vörslum búans þegar bú félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta né komið í ljós síðar. Stefnandi telur að löggerningurinn hafi haft það að markmiði að færa fjármuni frá Leiguvélum ehf. yfir til stefnda. Þannig hafi leigutekjur, sem Leiguvélar ehf. fengu greiddar frá viðskiptamönnum sínum, verið nýttar til að greiða stefnda á grundvelli framangreinds sölusamnings í stað þess að greiða vanskilaskuldir við lánardrottna sem hafi verið verulegar á þessum tíma. Með stefnu málsins sé þessum gerningi rift með vísan til 141. gr. laga nr. 21/1991.

Stefnandi byggir á því að umrædd ráðstöfun hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og leitt til þess að eignir Leiguvéla ehf. hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Stefnandi telur einsýnt að þessi ráðstöfun hafi falið í sér brot á jafnræðisreglum skuldaskilaréttar og orðið öðrum kröfuhöfum til tjóns. Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært félag er umrædd greiðsla fór fram og stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni félagsins, sem og þær aðstæður sem hafi leitt til þess að ráðstöfunin sé ótilhlýðileg.

Ákvæði 141. gr. laga nr. 21/1991 feli í sér kröfu um að sá sem hag hafi af ráðstöfun hafi ekki sýnt af sér gáleysi. Stefnda hafi, miðað við þá þekkingu sem hann bjó yfir, upplýsingar sem hann hafði og stöðu sinnar vegna, borið að sýna aðgæslu og gæta þess að ráðstafanir færu ekki í bága við regluna.

Þann 1. júní 2015 hafi Leiguvélar ehf. greitt stefnda tvo reikninga. Annars vegar reikning nr. 133 að fjárhæð 934.500 krónur og hins vegar reikning nr. 134 að fjárhæð 332.945 krónur. Framangreindir reikningar hafi verið greiddir innan sex mánuða fyrir frestdag. Með bréfi, dagsettu 29. ágúst 2016, hafi stefnandi rift þessum greiðslum og krafist tafarlausrar endurgreiðslu.

Stefnandi byggir á því að greiðsla á áðurgreindum tveimur reikningum, samtals að fjárhæð 1.267.445 krónur, hafi falið í sér riftanlega ráðstöfun samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Greiðslan hafi verið innt af hendi innan við fimm mánuðum fyrir frestdag. Greiðslan hafi jafnframt skert greiðslugetu þrotamannsins verulega og auk þess hafi hún ekki verið venjuleg eftir atvikum. Við mat á þessu atriði verði að líta til fjárhagsstöðu Leiguvéla ehf. á þessu tímabili í víðu samhengi, m.a. hvaða eignir hafi verið til ráðstöfunar, skuldastöðu félagsins, tekjur og umfang rekstrarins o.fl. Þá þurfi að meta fjárhæð hinna riftanlegu greiðslna samanborðið

við aðrar greiðslur sem inntar voru af hendi á tímabilinu.

Stefnandi byggir allar fjárkröfur sínar vegna þeirra ráðstafana, sem rift sé á grundvelli 131. gr. og 134. gr. laga nr. 21/1991, á 1. mgr. 142. gr. sömu laga. Fjárkröfur stefnanda vegna ráðstafana sem séu riftanlegar á grundvelli 141. gr. sömu laga byggja á 3. mgr. 142. gr. laganna. Stefndi hafi haft hag af hinum riftanlegu ráðstöfunum og heildarfjárhæð krafna stefnanda svari til þess tjóns sem þrotabúið hafi orðið fyrir vegna þessara ráðstafana. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi verið grandsamur um riftanleika ráðstafana í öllum tilvikum, enda stefndi aðaleigandi stefnanda. Af þessum sökum beri að dæma stefnda til greiðslu skaðabóta, en verði ekki á það fallist beri að dæma stefnda til endurgreiðslu auðgunar.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 131 gr., 134. gr., 141. gr. og 142. gr. laganna. Krafa um skaðabóta- og dráttarvexti er studd við ákvæði III. og IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 8. gr. og 1. mgr. 6. gr. Um upphafsdag dráttarvaxta vísar stefnandi til 4. mgr. 5. gr. laganna. Um málshöfðunarfrest er vísað til 148. gr. laga nr. 21/1991. Krafan um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Stefndi hafnar því í fyrsta lagi að Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært félag á tímabilinu 29. febrúar 2012 til 1. júní 2015 þegar umræddar ráðstafanir fóru fram. Stefndi mótmælir því einnig að ógjaldfærni Leiguvéla ehf. hafi verið ljós þegar í febrúar 2012. Þá hafi legið fyrir dómar Hæstaréttar Íslands sem hafi gefið Leiguvélum ehf. og stefnda fullt tilefni til að ætla að fyrrnefnda félagið ætti rétt á umfangsmiklum leiðréttingum á lánasamningum sínum við Lýsingu hf. og Ergo, sbr. m.a. dóma í málum réttarins nr. 652/2011, 638/2013 og 717/2013. Gunnar Viðar Bjarnason, forsvarsmáður bæði stefnda og Leiguvéla ehf., hafi talið að síðarnefnda félagið hafi í raun verið gjaldfært allt þar til bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta og þau mál felld niður sem félagið rak fyrir Hæstarétti Íslands. Raunhæfur möguleiki hafi verið að vinna þau mál en þá hefði félagið orðið gjaldfært. Það hafi því ekki verið spurning um tíma hvenær Leiguvélar ehf. færi í þrot heldur hafi forsvarsmenn félagsins talið að það væri aðeins tímaspursmál hvenær umræddir samningar yrðu dæmdir ólögumætir og skuldir félagsins leiðréttar til lækkunar í samræmi við það. Stefndi hafi því ekki verið grandsamur um ógjaldfærni Leiguvéla ehf. allt þar til bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta.

Stefnandi reki annað riftunarmál gegn aðilum tengdum stefnda. Í því máli byggi stefnandi á því að Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært á tímabilinu 3. apríl 2014 til 24. ágúst 2015. Stefnandi sé bundinn við þessa yfirlýsingu og beri að leggja það til grundvallar við úrlausn þessa máls.

Stefndi áréttar að gjaldfærni verði að meta út frá raunstöðu viðkomandi aðila. Ekki sé hægt að líta einvörðungu til stöðu skulda í ársreikningi eða samkvæmt yfirlitum kröfuhafa. Þær upplýsingar sem komi fram í ársreikningum Leiguvéla ehf. og stefnandi vísi til hafi ekki þýðingu þar sem ársreikningar breytist ekki fyrir en endanleg niðurstaða liggi fyrir varðandi lánasamninga og sé gerð grein fyrir þessari óvissu í ársreikningum. Taka verði tillit til þess að umræddar skuldir gætu verið byggðar á ólögum lánnum og raunveruleg staða þeirra því mun lægri. Því sé einungis hægt að taka afstöðu til ógjaldfærni þegar endanleg niðurstaða liggi fyrir um lögmæti lánasamninga. Stefndi mótmælir því að athugasemdir í ársreikningi fyrir árið 2012 hafi þýðingu sem sönnunargagn um gjaldfærni Leiguvéla ehf. Þessi ársreikningur lýsi stöðu félagsins 31. desember 2012 og segi því ekkert um stöðu félagsins í febrúar 2012. Þá séu ársreikningar færðir á þeim grundvelli að allir lánasamningar félagsins séu lögmætir og taki ekki tillit til leiðréttinga sem félagið kunni að eiga rétt til. Hið sama eigi við um allar aðrar tilvitnanir til ársreikninga Leiguvéla ehf.

Leiguvélar ehf. hafi verið í góðum undirliggjandi rekstri þegar Lýsing hf. og Ergo hafi sótt að félaginu, enda hafi rekstrarleigusamningar félagsins við viðskiptamenn jafnframt verið gengistryggðir.

Stefndi mótmælir þeim tölum sem stefnandi setji fram varðandi skuldir Leiguvéla ehf. á tilteknum dögum. Leiðréttingar, sem stefndi og Leiguvélar ehf. hafi talið að síðarnefnda félagið ætti rétt á, hefðu breytt miklu um fjárhagslega stöðu félagsins. Þær fjárhæðir sem Lýsing hf. hafi sett fram séu umdeildar frá upphafi, burt séð frá hugsanlegum leiðréttingum. Þær séu of hátt reiknaðar og þar séu innifaldir ólögumætir kostnaðarliðir, svo sem vegna riftunargjalda og lögfræðikostnaðar. Þá eigi eftir að gera upp hvern samning fyrir sig í samræmi við 30. gr. samnings aðila. Engin uppgjör hafi verið lögð fram með kröfum sem Lýsing hf. hafi lýst í bú stefnanda og séu slíkar kröfulýsingar ófullnægjandi. Lýsing hf. hafi ekki gefið út reikninga eins og beri að gera, en það skapi innskatt fyrir stefnanda sem nemi fjárhæð virðisaukaskatts sem sé innifalinn í þeim reikningum. Þá hafi ekki verið tekið tillit til allra innborgana. Ekki hafi verið tekið fullt tillit til innstæðu reiknings sem 160 milljónir króna hafi verið lagðar inn á. Í kröfulýsingum sé ekki gerð grein fyrir þessum atriðum.

Kröfum og kröfulýsingum Ergo sé mótmælt á sama grundvelli. Auk þess hafi enn ekki verið lokið við endurútreikning þrátt fyrir skyldu þess efnis. Líklega

hafi Leiguvélar ehf. verið nánast skuldlaust við Ergo að loknum endurútreikningi þeirra lána sem hafi borið að endurreikna.

Samkvæmt þessu hafi hvorki verið til staðar sannanlegur eignahalli eða ógreiðslufærni hjá Leiguvélum ehf. á framangreindum tíma né önnur viðmið sem hafi gefið til kynna að fyrirsvarsmönnum félagsins bæri að óska eftir gjaldþrotaskiptum.

Kaup Leiguvéla ehf. á áhöldum, tækjum, verkfærum, innréttingum, tölvubúnaði o.fl. af stefnda hafi verið fullkomlega eðlileg á þessum tíma. Þetta hafi verið viðskiptaleg ákvörðun sem hafi byggst á því að félagið tæki eðlilegan þátt í starfsemi þess fyrirtækjanets sem starfaði í tengslum við stefnda og forsvarsmann hans. Salan hafi verið endurskipulagning á hlutverki félaganna og hafi þótt eðlilegt að Leiguvélar ehf. tækju virkari þátt í þeirri starfsemi. Félög tengd málsaðilum hafi starfað saman, þannig að önnur félög hafi keypt og fjármagnað innflutning á tækjum sem Leiguvélar ehf. hafi síðan keypt af þeim og leigt út. Þá hafi verið í undirbúningi ein stærsta einstaka sala Leiguvéla ehf. frá upphafi, til Eimskipa fyrir um 200 milljónir króna og hafi stefndi og tengd félög m.a. orðið að selja lausafjármuni og treysta ábyrgðir tengdar félagunum. Auk þess hafi þurft að tryggja að unnt væri að standa við þá þjónustusamninga sem voru forsenda þessara viðskipta og hafi þessar tilfærslur verið liður í að tryggja að svo mætti verða.

Öll tæki hafi verið seld á eðlilegu verði gegn staðgreiðslu eins og reikningur beri með sér, en eins og sjá megi í bókum Leiguvéla ehf. hafi söluverðið verið greitt á tveimur árum. Það sýni að tilgangurinn hafi ekki verið undanskot og að ekki hafi hvarflað að stefnda að félagið væri ógjaldfært. Lausaféð hafi verið afhent strax við sölu og því ljóst að kaupin hafi styrkt stöðu félagsins frekar en hitt. Fullt jafnvægi hafi verið á milli þeirra verðmæta sem keypt voru og kaupverðsins. Stefndi hafi ekki hagnast á viðskiptunum, enda hafi hann látið af hendi verðmæti á móti greiðslu. Með sama hætti hafi staða kröfuhafa verið óbreytt, og ef eitthvað sé, mun betri. Þar sem Leiguvélar ehf. hafi greitt kaupverðið á tveimur árum og selt hluta lausafjárins skömmu eftir viðskiptin hafi meiri eignir verið til staðar hjá stefnda eftir viðskiptin. Með þessum kaupum hafi ekki verið brotið gegn jafnræðisreglum skuldaskilaréttar.

Stefndi hafnar því að það hafi verið eitthvað athugasvert við að Leiguvélar ehf. notaði leigutekjur sínar til að greiða fyrir umrætt lausafé í stað þess að greiða gjaldfallnar skuldir við aðra kröfuhafa. Leiguvélar ehf. hefðu fengið lausafé afhent þegar í stað og hafi átt að staðgreiða kaupin, en stefndi hafi ekki fengið greitt á réttum tíma. Á meðan hafi hagsmunir stefnda verið ótryggðir, enda hafi engin trygging verið í lausafénu, ólíkt öðrum kröfuhöfum sem hafi átt veð í tækjum sem þeir hafi fjármagnað.

Stefndi mótmælir því að umrædd kaup hafi ekki samræmst tilgangi Leiguvéla ehf. Í þessu tilviki hafi félagið keypt umrætt lausafé fyrir sig sjálft að hluta en að hluta til að selja áfram viðskiptavinum. Leiguvélar ehf. hafi síðar selt stóran hluta þess áfram öðrum aðilum og hafi verðmæti þeirra viðskipta numið rúmlega 38 milljónum króna með virðisaukaskatti. Auk þess hafi félagið notað innskatt af þessum kaupum að fjárhæð 12.750.000 krónur til lækkunar á virðisaukaskattsgreiðslum.

Stefndi andmælir því að engin starfsemi hafi verið í Leiguvélum ehf. á árinu 2012. Félagið hafi verið í töluverðum viðskiptum á þeim tíma. Það hafi enga þýðingu að vísa til þess að enginn starfsmaður hafi starfað hjá félaginu. Það fyrirkomulag hafi verið viðhaft af skipulagsástæðum frá upphafi starfsemi félagsins. Félagið hafi keypt þjónustu af stefnda, Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf., og öðrum tengdum aðilum. Þótt félagið hafi keypt mikið af þjónustu frá tengdum félögum hafi ekki verið óeðlilegt að félagið skapaði aðstöðu fyrir starfsemi sína.

Stefndi hafnar því að heimilt sé að rifta kaupunum á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991. Þessi viðskipti hafi átt sér stað löngu fyrir gjaldþrot Leiguvéla ehf. og löngu fyrir þann tíma sem stefnandi hafi sjálfur viðurkennt að sé tímamark ógjaldfærni félagsins. Stefndi hafi ekki sýnt af sér gáleysi eða grandsemi varðandi ógjaldfærni eða ásetning til að mismuna kröfuhöfum félagsins.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um riftun peningagreiðslna Leiguvéla ehf. til stefnda á tímabilinu 31. desember 2012 til 1. september 2015. Allar greiðslur milli félagsins og stefnda hafi verið eðlilegar og venjulegar. Um sé að ræða greiðslur sem átt hafi sér stað frá upphafi starfsemi félagsins fyrir veitta þjónustu. Því hafi ekki verið brotið gegn jafnræðisreglum skuldaskilaréttar, enda hafi greiðslurnar verið lágar miðað við þá þjónustu, aðstöðu og útlagðan kostnað sem stefndi og aðrir þjónustuveitendur hafi látið í té.

Greiðslurnar hafi verið fyrir þjónustu og aðstoð við rekstur Leiguvéla ehf. sem stefndi í samstarfi við Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. hafi látið félaginu í té. Í því sambandi verði að hafa í huga að engir starfsmenn hafi starfað hjá Leiguvélum ehf. Greitt hafi verið fyrir þjónustu sem hafi verið félaginu nauðsynleg, svo sem fyrir vinnu starfsmanna við að halda uppi reglulegri starfsemi félagsins, bókhaldsþjónustu, afnot húsnæðis og bílastæða, umsýslu með tækjum, samskipti við fjármögnunaraðila og viðskiptavinum, vinnu við sölu á tækjum og tólum, utanumhald um allan annan rekstur stefnanda o.s.frv. Umfang þjónustunnar hafi aukist verulega við hrunið en þá hafi bæst við vinna og útlagður kostnaður við dómsmál. Þjónustan hafi verið veitt allt frá því að Leiguvélar ehf. hóf starfsemi sína og hafi verið greitt fyrir hana með sambærilegum hætti en fjárhæðir þóknunar endurskoðaðar reglulega með tilliti til verðlagsbreytinga og breytinga á umfangi

þjónustunnar.

Stefndi hafnar því að heimilt sé að rifta greiðslunum á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991. Þessi viðskipti hafi átt sér stað á löngu tímabili fyrir gjaldþrot Leiguvéla ehf., allt frá upphafi starfsemi félagsins. Greiðslurnar séu ekki háar eða tilhæfulausar né feli þær í sér örlætisgerning. Greiðslurnar hafi hvorki haft neikvæð áhrif á stöðu félagsins né kröfuhafa. Þvert á móti hafi verið greitt fyrir þjónustu sem hafi verið félaginu nauðsynleg til að geta haldið áfram starfsemi sinni sem augljóslega hafi þjónað hagsmunum allra kröfuhafa. Stefndi hafi ekki haft hag af hinum meintu riftanlegu ráðstöfunum umfram aðra kröfuhafa. Greiðslurnar séu jafnframt ekki ótilhlýðilegar né leiði þær til þess að eignir verði ekki til reiðu til fullnustu krafna. Þá auki þær heldur ekki á skuldir kröfuhöfum til tjóns. Félagið hafi hvorki verið ógjaldfært né orðið það vegna umræddra greiðslna.

Stefndi mótmælir því einnig að unnt sé að rifta greiðslunum með vísan til 134. gr. sömu laga. Í öllum tilvikum hafi verið um venjulegar og eðlilegar greiðslur að ræða sem hafi verið venjulegar eftir aðstæðum og félagið hafi verið gjaldfært. Ekki hafi verið greitt með óvenjulegum greiðslueyri. Þetta hafi verið venjulegir reikningar fyrir þjónustu sem hafi verið greiddir með peningum. Ekki hafi heldur verið greitt fyrir en eðilegt hafi verið. Þá hafi greiðslurnar ekki skert greiðslugetu félagsins verulega.

Stefndi andmælir því að meta beri þessar greiðslur sem eina heild. Eðli málsins samkvæmt verði að líta til hvarrar greiðslu fyrir sig, enda hafi verið greitt fyrir þjónustu sem veitt hafi verið jafnt og þétt allt frá því að Leiguvélar ehf. hóf starfsemi og þar til félagið varð gjaldþrota. Einnig verði að hafa í huga að tengsl aðila og samstarf sé mjög mikið og hafi verið þannig frá upphafi. Eins verði að horfa til heildarumfangs viðskipta og starfsemi félagsins og að umræddar greiðslur séu hlutfallslega lágar með tilliti til þess. Þótt hægst hafi á rekstrarleigustarfsemi félagsins á árunum 2014 og 2015 hafi þörf félagsins aukist á þjónustu sem hafi falist í vinnu og útlögðum kostnaði við að ná fram rétti félagsins vegna meintra ólögmetra gengistryggðra lána.

Stefndi hafnar því að greiðslum sem inntar voru af hendi 31. mars og 1. september 2015 verði rift á grundvelli 131. gr. sömu laga. Ekki sé um gjafa- eða örlætisgerninga að ræða, heldur eðlilega reikninga fyrir þjónustu. Ekki hafi verið til staðar gjafatilgangur né hafi stefndi auðgast vegna þessa.

Af þeim sökum mótmæli stefndi því, að honum hafi borið að láta tímaskýrslur fylgja þjónustureikningum. Þetta fyrirkomulag hafi verið notað allt frá upphafi starfsemi Leiguvéla ehf. Aðilum hafi verið heimilt að velja sér þetta form á þessar greiðslur og ákvörðun þeirra. Þetta eigi sérstaklega við þar sem þessi þjónustugjöld séu augljóslega ekki of há. Skýrslu Ernst & Young hafi verið aflað

einhlíða, hún hafi enga þýðingu í málinu og ekkert sönnunargildi.

Stefndi hafnar kröfu um riftun samkomulags um yfirtöku skuldar. Umrædd viðskipti hafi átt sér stað þannig að stefndi og Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. hafi keypt tæki af Leiguvélum ehf. og greitt fyrir að fullu. Félagið hafi ekki getað afhent tækin þar sem Lýsing hf. og Ergo hafi neitað að heimila framsal þeirra. Samkomulag hafi tekist varðandi tækið í eigu Lýsingar hf. um að selja það áfram gegn því að Lýsing hf. fengi greiðsluna fyrir það. Ekki hafi hins vegar náðst samkomulag við Ergo um tækið frá þeim og hafi tækinu verið skilað aftur til Leiguvéla ehf. Félaginu hafi þá borið að skila þeim greiðslum sem það hafi tekið við og greiða stefnda þannig 12 milljónir króna. Jafnframt hafi félaginu borið að bæta Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. það tjón sem það hafi orðið fyrir þegar það hafi þurft að greiða aftur fyrir umrætt tæki, þ.e. þá greiðslu sem innt hafi verið af hendi til Lýsingar hf. að fjárhæð 15 milljónir króna. Samtals hafi Leiguvélar ehf. því skuldað stefnda og Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. 27 milljónir króna. Stefndi og síðarnefnda félagið hafi leyst vandamálið fyrir Leiguvélar ehf. með því að taka yfir skuldirnar og taka í staðinn hlutabréf í sjálfu sér sem hafi verið metin á sömu fjárhæð. Matið hafi þó verið langt yfir raunverulegu verðmæti. Leiguvélar ehf. hafi fengið tækið til baka og því hafi félagið fengið full verðmæti í skiptum fyrir verðlítill hlutabréf. Lýsing hf. og Ergo hafi fengið til sín allt það sem hafi komið út úr þessum tækjum. Væri fallist á kröfu stefnanda fengju þessir kröfuhafar kröfuna greidda a.m.k. tvisvar.

Stefndi mótmælir því, að skilyrði 134. gr. laga nr. 21/1991 séu uppfyllt og að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri, enda hafi greiðslueyririnn verið umsaminn í upphaflegum samningi aðila. Ekki verði heldur séð að yfirtaka skuldar við kaup á hlutum í félagi sé almennt óvenjulegur greiðslueyrir. Þá hafi ekki heldur verið greitt fyrir en eðilegt var, enda hafi greiðsla verið innt af hendi á þeim tíma þegar upp hafi komið að Leiguvélar ehf. gætu ekki efnt samning sinn við stefnda. Þá hafi greiðslan ekki skert greiðslugetu félagsins. Greiðslan hafi jafnframt verið venjuleg eftir atvikum þar sem hún hafi verið nauðsynleg til að leiðrétta óframkvæmanlega sölu á viðkomandi tækjum.

Stefndi mótmælir því einnig að greiðslunni verði rift á grundvelli 141. gr. sömu laga. Stefndi hafi sem kröfuhafi ekki haft neinn hag af umræddum ráðstöfunum. Þær séu jafnframt hvorki ótilhlýðilegar né leiði til þess að eignir verði ekki til reiðu eða leiði til skuldaaukningar. Í öllum tilvikum sé um að ræða tvíhlíða færslur sem hafi verið núllaðar út í bakfærðum viðskiptum þar sem stefnandi hafi skilað kaupverðinu og fengið umrædd tæki eða andvirði þeirra í staðinn. Þá hafi Leiguvélar ehf. ekki verið ógjaldfært eða orðið það vegna þessara ráðstafana. Loks sé mótmælt sönnunargildi skýrslu Ernst & Young.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um riftun vegna kaupa Leiguvéla ehf. á hraðtengi og tveimur skóflum af stefnda. Þessi tæki hafi verið eign stefnda sem hafi keypt þau án fjármögnunar. Leiguvélar ehf. hafi selt vél af gerðinni Case 460 árið 2014 og hafi allt andvirði sölunnar runnið til Ergo. Sú sala hafi verið háð því að umrætt hraðtengi og önnur skóflan hafi fylgt með. Hið sama eigi við um hina skófluna, sem hafi verið sett á hjólaskóflu af gerðinni Case 921 í eigu Leiguvéla ehf. Sú vél hafi verið seld með skóflunni árið 2015 og hafi andvirði sölunnar runnið til Ergo. Félagið hafi haft nokkrar milljónir í leigutekjur vegna þessarar vélar sem ekki hefði gerst án skóflunnar. Þá hafi stefndi selt þessar skóflur á kostnaðarverði til að liðka fyrir framangreindum sölum.

Því sé hafnað að umræddum sölum verði rift með vísan til 141. gr. laga nr. 21/1991. Stefndi hafi sem kröfuhafi ekki haft neinn hag af umræddum ráðstöfunum. Þær séu jafnframt hvorki ótilhlýðilegar né leiði til þess að eignir verði ekki til reiðu eða að skuldir aukist. Þá hafi Leiguvélar ehf. ekki verið ógjaldfært eða orðið það vegna þessara ráðstafana.

Stefndi andmælir því að unnt sé að rifta greiðslum Leiguvéla ehf. til hans sem fram fóru 1. júní 2015, á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991. Stefndi byggir mótmæli við riftun á greiðslu reiknings fyrir veitta þjónustu á sömu málsástæðum og mótmæli sín við riftun á greiðslu annarra slíkra reikninga. Hins vegar sé um að ræða endurgreiðslu vegna greiðslu stefnda fyrir hönd Leiguvéla ehf. til NAMA ehf. Þessi greiðsla hafi verið innt af hendi á grundvelli viðskipta aðila við þriðja mann sem Leiguvélum ehf. hafi borið að greiða sinn hluta af.

Í báðum tilvikum hafi verið um venjulegar og eðilegar greiðslur að ræða. Leiguvélar ehf. hafi auk þess verið gjaldfært á þessum tíma. Í hvorugu tilviki hafi verið greitt með óvenjulegum greiðslueyri eða greitt fyrr en eðilegt var. Þá hafi greiðslurnar ekki skert greiðslugetu Leiguvéla ehf. Um hafi verið að ræða eðlilegar greiðslur fyrir þjónustu sem Leiguvélum ehf. hafi verið nauðsynleg, m.a. til að ná fram leiðréttingum á lánum við fjármögnunaraðila.

Varakrafa stefnda byggist á sömu málsástæðum og aðalkrafa hans. Verði ekki fallist á sýknu af öllum kröfum stefnanda beri að lækka kröfur stefnanda m.a. þar sem ekki sé tekið tillit til virðisaukaskatts. Skatturinn sé inni í mörgum fjárhæðum og hafi Leiguvélar ehf. fengið hann endurgreiddan í formi innskatts eða notað til að lækka útskatt.

Stefndi mótmælir kröfum stefnanda um skaðabætur. Sérstaklega sé byggt á því að í flestum tilvikum sé um gagnkvæm viðskipti að ræða þar sem báðir aðilar láti af hendi sambærileg verðmæti. Þá hafi engar eignir verið eftir í búi Leiguvéla ehf. til að taka út á árunum 2014 og 2015, enda hafi tekjur ársins 2014 varla verið nægar til að greiða fyrir nauðsynlega þjónustu fyrir þau tæki sem voru í umferð, og

engar tekjur hafi verið til staðar árið 2015. Félagið hafi ekki átt nein tæki eða tól, enda hafi þau öll verið skráð á nafn Lýsingar hf. og Ergo. Hvorki stefndi né fyrirsvarsmenn hans hafi verið gransamir um að þær ráðstafanir, sem mál þetta varðar, hafi verið riftanlegar.

V

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu Gunnar Viðar Bjarnason, fyrrverandi stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Leiguvéla ehf. og stjórnarformaður stefnda. Einnig gáfu skýrslu vitnin Þórhallur Bergmann hdl., aðstoðarmaður skiptastjóra stefnanda, og Sveinn Mikael Sveinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri VB Vörumeðhöndlunar ehf. Verður vísað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir.

Fyrir liggur að stefndi var eigandi 92,46% hlutfjár í Leiguvélum ehf. Stefndi var því nákominn félaginu í skilningi 5. tl. 3. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Aðila máls greinir á um gjaldfærni Leiguvéla ehf. á tímabilinu 29. febrúar 2012 til 1. júní 2015 þegar þær ráðstafanir voru gerðar sem dómkröfur stefnanda snúa að. Stefndi byggir á því að félagið hafi verið ógjaldfært á þessum tíma. Stefndi hafnar þessu og telur að félagið hafi verið gjaldfært allt til þess tíma er bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta. Þá telur stefndi að stefndi byggi í öðru dómsmáli á því að Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært á tímabilinu 3. apríl 2014 til 24. ágúst 2015 og sé sú yfirlýsing stefnanda bindandi fyrir hann við úrlausn þessa máls.

Meðal gagna málsins eru ársreikningar Leiguvéla ehf. fyrir árin 2012 og 2013, auk draga að ársreikningi félagsins fyrir árið 2014. Ekki er um það deilt að Leiguvélar ehf. hætti að greiða af skuldbindingum sínum við Lýsingu hf. og Ergo á árinu 2011. Í ársreikningi félagsins fyrir árið 2012 kemur fram að á því ári voru rekstrartekjur 382.018.304 krónur. Rekstrartap var að fjárhæð 83.200.350 krónur en vegna eftirgjafar langtímaskulda, fjármunatekna og að frádregnum fjármagnsgjöldum nam hagnaður ársins 33.843 krónum. Þá var eigið fé félagsins 187.493 krónur. Í ársreikningnum kemur fram að veltufjármunir hafi verið 361.570.750 krónur. Skammtímaskuldir hafi verið 546.275.769 krónur, þar af 8.886.376 krónur í gjaldfallnar afborganir og 425.786.142 krónur í afborganir fjármögnunarleigusamninga næsta árs. Í athugasemd 12 við ársreikninginn er tekið fram að stjórn félagsins telji að félagið muni fá umtalsverðar skuldir leiðréttar og felldar niður í samræmi við þá dóma sem fallið hafi um endurútreikning lána í erlendri mynt. Rekstrarhæfi félagsins sé „háð því að félagið fái töluverðar leiðréttingar á skuldum ...“ og það takist að styrkja fjárhag þess. Þá kvað Gunnar Viðar, í skýrslutöku hjá skiptastjóra stefnanda 15. janúar 2016, að þeirri starfsemi

sem var hafi að mestu leyti lokið strax í byrjun árs 2012. Félagið hafi þá selt stóran hluta af tækjum sínum og eftir það hafi lífi verið haldið í félaginu til að standa í málarekstri til að fá leiðréttar skuldir við bæði Ergo og Lýsingu hf. Stefndi hefur ekki hnekkð þessari staðhæfingu Gunnars Viðars. Þegar litið er til fjárhagsstöðu Leiguvéla ehf. heildstætt á árinu 2012, og þá einkum til rekstrartaps félagsins, gjaldfallinna afborgana og hárra afborgana næsta árs sem voru hærri en allar rekstrartekjur ársins 2012, sem og skýrslu fyrirsvarsmanns félagsins, er það mat dómsins að félagið hafi snemma árs 2012 orðið ógjaldfært. Þótt ársreikningurinn sýni stöðu félagsins miðað við 31. desember 2012 liggur fyrir að félagið hætti að greiða af samningum við Lýsingu hf. og Ergo á árinu 2011 og starfsemi þess hætti að mestu leyti í ársbyrjun 2012. Verður því að fallast á það með stefnanda að Leiguvélar ehf. hafi verið ógjaldfært frá 29. febrúar 2012 og út árið.

Samkvæmt ársreikningi Leiguvéla ehf. fyrir árið 2013 voru rekstrartekjur félagsins það ár 121.535.402 krónur. Rekstrartap var 45.886.129 krónur og tap ársins var 41.159.743 krónur. Þá var eigið fé félagsins neikvætt um 40.972.250 krónur. Samkvæmt drögum að ársreikningi fyrir árið 2014 var rekstrartap félagsins það ár 210.202.641 króna og tap ársins var 254.158.345 krónur. Þá er óumdeilt að félagið hafði engar tekjur árið 2015. Samkvæmt þessu er ljóst að staða félagsins versnaði frá árinu 2012 og var það því einnig ógjaldfært árin 2013, 2014 og 2015.

Gunnar Viðar bar, sem framkvæmdastjóri og stjórnarmaður Leiguvéla ehf., ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir félagið vegna hvers reikningsárs, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Hann bar því samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sömu laga ábyrgð á því að ársreikningar gæfu glögga mynd af afkomu félagsins og efnahag, sbr. einnig 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að ársreikningar félagsins fyrir árin 2012 og 2013 hafi ekki endurspeglad fjárhagslega stöðu Leiguvéla ehf. Getur það ekki breytt þessari niðurstöðu þótt Gunnar Viðar hafi gert sér vonir um að skuldir félagsins yrðu leiðréttar til lækkunar og greiðsluferðileikar þess myndu líða hjá. Þá er ekki fallist á það með stefnda að stefnandi hafi, með ummælum í stefnu máls sem hann hefur höfðað gegn VB Vörumeðhöndlun ehf. og Gunnari Viðari, viðurkennt að Leiguvélar ehf. hafi einungis verið ógjaldfært á tímabilinu 3. apríl 2014 til 24. ágúst 2015. Samkvæmt stefnu þess máls er krafist riftunar á ráðstöfunum Leiguvéla ehf. sem áttu sér stað á því tímabili. Því gerist ekki þörf á að fjalla í því máli um gjaldfærni félagsins fyrir eða eftir það tímabil. Ummælin fela því ekki í sér bindandi yfirlýsingu stefnanda um gjaldfærni félagsins á öðrum tímabilum.

Verður þá fjallað um einstaka kröfuliði.

Stefnandi krefst *í fyrsta lagi* riftunar á þeirri ráðstöfun Leiguvéla ehf. að kaupa áhöld, tæki, verkfæri, innréttingar, tölvubúnað o.fl. af stefnda þann 29.

febrúar 2012. Krafa stefnanda byggir á 141. gr. laga nr. 21/1991, en samkvæmt því ákvæði má krefjast riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

Fyrir liggur að kaupverðið var greitt á um tveimur árum og var því ekki um staðgreiðsluviðskipti að ræða. Stefndi hefur ekki hnekkð þeim málatilbúnaði stefnanda að með greiðslum kaupverðsins hafi meirihluti reiðufjár Leiguvéla ehf. verið greiddur stefnda. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að þessir munir hafi verið Leiguvélum ehf. nauðsynlegir í starfsemi félagsins, en trauðla verður séð hvernig félag með einn starfsmann, þar sem starfsemi var að mestu lokið, hafi þurft á að halda áhöldum, tækjum, innréttungum, tölvum o.fl. að andvirði yfir 60 milljónir króna. Þá hefur stefndi ekki útskýrt af hverju endurskipulagning á hlutverki félaga hafi verið nauðsynleg eða í hverju sú endurskipulagning hafi falist. Með þessum greiðslum var kröfuhöfum félagsins mismunað, enda fékk stefndi kröfu sína greidda að fullu, og voru greiðslurnar því á ótilhlýðilegan hátt til hagsbóta fyrir stefnda á kostnað annarra kröfuhafa og leiddu jafnframt til þess að eignir félagsins voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Þá var félagið ógjaldfært á þessum tíma. Vegna tengsla stefnda og Leiguvéla ehf. vissi stefndi eða mátti vita um ógjaldfærni félagsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Verður þessi krafa stefnanda því tekin til greina.

Stefnandi krefst í öðru lagi riftunar á peningagreiðslum Leiguvéla ehf. til stefnda á tímabilinu 31. desember 2012 til 1. september 2015. Stefnandi byggir aðalkröfu sína varðandi þennan lið á 141. gr. laga nr. 21/1991. Þessar greiðslur eru samkvæmt reikningum vegna ráðgjafar sem stefndi kveðst hafa veitt félaginu á þessu tímabili, en um sé að ræða greiðslur sem átt hafi sér stað frá upphafi starfsemi félagsins fyrir veitta þjónustu. Í umræddum reikningum er ekki tekið fram hvaða þjónusta hafi verið veitt. Þá fylgdu reikningunum engar tímaskýrslur. Stefndi hefur staðhæft hvaða þjónustu hann hafi almennt veitt félaginu, en ekki útskýrt hvaða þjónusta búi að baki hverjum reikningi. Stóð það þó stefnda næst að tryggja sér sönnun fyrir því hvaða þjónusta hafi verið veitt samkvæmt hverjum reikningi. Það hefur stefndi ekki gert. Verður dómurinn því að leggja til grundvallar að umræddir reikningar hafi verið tilhæfulausir. Þessar greiðslur leiddu því til þess að eignir félagsins voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Þá var félagið ógjaldfært á þessum tíma. Vegna tengsla stefnda og Leiguvéla ehf. vissi stefndi eða mátti vita um ógjaldfærni félagsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að

ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Verður aðalkrafa stefnanda varðandi þennan lið því tekin til greina.

Í þriðja lagi krefst stefnandi riftunar á greiðslu Leiguvéla ehf. til stefnda að fjárhæð 12.000.000 króna samkvæmt samkomulagi, dagsettu 6. maí 2015, um að Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. tæki yfir skuld félagsins við stefnda að fjárhæð 12.000.000 króna vegna tækisins KV-A88. Stefnandi byggir aðallega á því að greiðslan sé riftanleg á grundvelli 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, en samkvæmt því ákvæði má krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.

Fyrir liggur að Leiguvélar ehf. stóðu í skuld við stefnda að fjárhæð 12.000.000 króna. Með yfirlýsingu frá 6. maí 2015 samþykkti Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. að taka yfir skuldina og að stefnda væri heimilt að skuldajafna reikningum þess félags upp í þjónustureikninga og aðra reikninga sem það félag gæfi út til stefnda. Í bókhaldi Leiguvéla ehf. var skuld Vélaborgar Vörumeðhöndlunar ehf. við félagið lækkuð um 12.000.000 króna. Með þessum gerningi var skuld Leiguvéla ehf. við stefnda greidd. Þessi greiðsla átti sér stað 6. maí 2015, eða innan við sex mánuðum fyrir frestdag, 21. október 2015. Greiðslan var innt af hendi með afhendingu á skuldaviðurkenningu, útgefinni af þriðja manni, án þess að séð verði að Leiguvélar ehf., stefndi og Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. hafi samið fyrir fram um slíkan greiðslumáta. Telst slík greiðsla vera óvenjulegur greiðslueyri, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 27. maí 1992 í máli réttarins nr. 62/1990. Greiðslan var innt af hendi á sama tíma og skuldir við Lýsingu hf. og Ergo, sem fyrr höfðu fallið í gjalddaga, voru ógreiddar. Verður því að fallast á það með stefnanda að skuldin hafi verið greidd fyrr en eðlilegt var. Tekjur Leiguvéla ehf. af útleigu tækja voru um 39 milljónir króna árið 2014 en ekki neinar árið 2015. Í ljósi þess að félagið var á þessum tíma ógjaldfært og hafði engar tekjur verður einnig að fallast á það að fjárhæðin hafi skert greiðslugetu félagsins verulega. Stefnandi hefur ekki sannað að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum, en fyrir því ber hann sönnunarbyrði. Verður krafa stefnanda um riftun þessarar ráðstöfunar því tekin til greina.

Stefnandi gerir í fjórða lagi kröfu um riftun á þeirri ráðstöfun Leiguvéla ehf. að kaupa hraðtengi og tvær skóflur af stefnda þann 30. október 2014. Krafa stefnanda byggir á 141. gr. laga nr. 21/1991. Ekki liggja fyrir nein gögn um að umrætt hraðtengi og önnur skóflan hafi fylgt með tæki af gerðinni Case 460, sem stefndi kveður að hafi verið selt árið 2014, eða að hin skóflan hafi verið sett á hjólaskóflu af gerðinni Case 921 í eigu Leiguvéla ehf. sem hafi verið seld með

skóflunni árið 2015. Gegn mótmælum stefnanda eru þessar málsástæður stefnda ósannaðar. Liggur raunar ekkert fyrir um hvað hafi orðið um umrætt hraðtengi og tvær skóflur eða hvort Leiguvélar ehf. hafi haft einhverjar tekjur af þessum tækjum. Þessi greiðsla var stefnda því á ótilhlýðilegan hátt til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og leiddi jafnframt til þess að eignir félagsins voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Þá var félagið ógjaldfært á þessum tíma. Vegna tengsla stefnda og Leiguvéla ehf. vissi stefndi eða mátti vita um ógjaldfærni félagsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Verður þessi krafa stefnanda því tekin til greina.

Í fimmta lagi krefst stefnandi riftunar á greiðslu tveggja reikninga til stefnda sem fram fór þann 1. júní 2015. Stefnandi byggir þessa kröfu á 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Í málinu eru engir reikningar og kvað lögmaður stefnanda við aðalmeðferð málsins enga reikninga hafa fundist í bókhaldi Leiguvéla ehf., einungis framlagðar millifærslukvittanir. Í annari kvittuninni, vegna greiðslu að fjárhæð 934.500 krónur, kemur fram að greitt sé inn á viðskiptamannaskuld, án nánari tilgreiningar. Í hinni kvittuninni, vegna greiðslu að fjárhæð 332.945 krónur, kemur fram að greidd sé skuld vegna „NAMA/Tá“, án nánari skýringar.

Þótt lögð væri til grundvallar sú skýring stefnda að fyrrnefnda kvittunin væri vegna greiðslu fyrir veitta þjónustu, eru sömu annmarkar á þeirri greiðslu og á öðrum peningagreiðslum félagsins til stefnda sem fram fóru á tímabilinu 31. desember 2012 til 1. september 2015. Þannig liggur ekkert fyrir um það, hvaða þjónusta hafi verið veitt eða tímaskýrsla. Stóð það þó stefnda næst að tryggja sér sönnun fyrir því hvaða þjónusta hafi verið veitt samkvæmt þessum reikningi. Það hefur stefndi ekki gert. Verður dómurinn því að leggja til grundvallar að umrædd greiðsla hafi verið tilhæfulaus. Hvað varðar síðarnefndu kvittunina liggur ekkert fyrir um hvaða greiðslu stefndi hafi innt af hendi fyrir hönd félagsins. Verður því dómurinn einnig að álykta að sú greiðsla hafi verið tilhæfulaus.

Þessar greiðslur voru inntar af hendi innan sex mánaða fyrir frest dag, 21. október 2015. Tekjur Leiguvéla ehf. af útleigu tækja voru um 39 milljónir króna árið 2014 en ekki neinar árið 2015. Í ljósi þess að félagið var á þessum tíma ógjaldfært og hafði engar tekjur verður einnig að fallast á það að greiðslurnar hafi skert greiðslugetu félagsins verulega. Stefnandi hefur ekki sannað að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum en fyrir því ber hann sönnunarbyrði. Verður krafa stefnanda um riftun þessara greiðslna því tekin til greina.

Verður þá fjallað um fjárkröfur stefnanda. Í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 er sett fram sú regla að fari riftun fram með stoð m.a. í 134. gr. skuli sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun greiða þrotabúinu fé sem svarar til þess sem greiðsla þrotamannsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur

tjóni þrotabúsins, nema honum hafi verið kunnugt um riftanleika ráðstöfunarinnar en þá skal hann greiða þrotabúinu tjónsbætur. Þá er tekið fram í 3. mgr. sömu greinar að fari riftun fram samkvæmt m.a. 141. gr. skuli sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun greiða bætur eftir almennum reglum.

Hvað varðar greiðslu Leiguvéla ehf. til stefnda að fjárhæð 12.000.000 króna samkvæmt samkomulagi, dagsettu 6. maí 2015, og greiðslu tveggja reikninga til stefnda, sem fram fór þann 1. júní 2015, var hér að framan komist að þeirri niðurstöðu að þessar ráðstafanir væru riftanlegar samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Stefndi var aðaleigandi Leiguvéla ehf. og var því nákominn félaginu í skilningi 5. tl. 3. gr. sömu laga. Vegna þessara tengsla verður að fallast á það með stefnanda að stefnda hafi verið kunnugt um riftanleika þessara ráðstafana. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur vegna tilgreindra ráðstafana. Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að þær ráðstafanir, sem aðrir kröfuliðir stefnanda snúa að, væru riftanlegar samkvæmt 141. gr. sömu laga. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur vegna þeirra. Tjón stefnanda nemur þeim fjárhæðum sem fram koma í kröfum hans. Verða fjárkröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti. Stefndi verður því dæmdur til að greiða stefnanda samtals 86.827.445 krónur (62.750.000 + 6.759.000 + 12.000.000 + 4.051.000 + 1.267.445), ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, til 4. október 2016, eins og nánar greinir í dómsorði, og dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 4. október 2016 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.700.000 krónur.

Af hálfu stefnanda flutti málið Árni Ármann Árnason hrl.

Af hálfu stefnda flutti málið Sveinn Jónatansson hdl.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist fram yfir lögbundinn frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en dómari og lögmenn aðila voru sammála um að endurflutningur væri óþarfur.

D Ó M S O R Ð:

Rift er eftirtöldum ráðstöfunum Leiguvéla ehf. til stefnda, Táar ehf.:

Kaupum Leiguvéla ehf. á áhöldum, tækjum, innréttingum, tölvum o.fl. af stefnda fyrir 62.750.000 krónur með virðisaukaskatti samkvæmt reikningi, dags. 29. febrúar 2012.

Peningagreiðslum Leiguvéla ehf. til stefnda samtals að fjárhæð 8.026.445 krónur með virðisaukaskatti sem fram fóru:

þann 31. desember 2012, fjárhæð 753.000 krónur,
þann 1. mars 2013, að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 1. maí 2013, að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 1. ágúst 2013, að fjárhæð 564.750 krónur,
þann 31. desember 2013 að fjárhæð 941.250 krónur,
þann 30. júní 2014 að fjárhæð 1.129.500 krónur,
þann 31. ágúst 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 30. október 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 31. desember 2014 að fjárhæð 376.500 krónur,
þann 31. mars 2015 að fjárhæð 558.000 krónur,
þann 1. júní 2015 að fjárhæð 934.500 krónur,
þann 1. júní 2015 að fjárhæð 332.945 krónur,
þann 1. september 2015 að fjárhæð 930.000 krónur.

Peningagreiðslu Leiguvéla ehf. til stefnda að fjárhæð 12.000.000 króna sem fram fór á grundvelli samkomulags frá 6. maí 2015 með framsali á kröfu að fjárhæð 12.000.000 króna á hendur Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf., kt. 000000-0000.

Kaupum Leiguvéla ehf. á hraðtengi og tveimur skóflum af stefnda fyrir 4.051.000 krónur með virðisaukaskatti samkvæmt reikningi, dags. 30. október 2014.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Leiguvéla ehf., 86.827.445 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 62.750.000 krónum frá 29. febrúar 2012 til 31. desember 2012, af 63.503.000 krónum frá 31. desember 2012 til 1. mars 2013, af 63.879.500 krónum frá 1. mars 2013 til 1. maí 2013, af 64.256.000 krónum frá 1. maí 2013 til 1. ágúst 2013, af 64.820.750 krónum frá 1. ágúst 2013 til 31. desember 2013, af 65.762.000 krónum frá 31. desember 2013 til 30. júní 2014, af 66.891.500 krónum frá 30. júní 2014 til 31. ágúst 2014, af 67.268.000 krónum frá 31. ágúst 2014 til 30. október 2014, af 71.695.500 krónum frá 30. október 2014 til 31. desember 2014, af 72.072.000 krónum frá 31. desember 2014 til 31. mars 2015, af 72.630.000 krónum frá 31. mars 2015 til 6. maí 2015, af 84.630.000 krónum frá 6. maí 2015 til 1. júní 2015, af 85.897.445 krónum frá 1. júní 2015 til 1. september 2015, af 86.827.445 krónum frá 1. september 2015 til 4. október 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga af 86.827.445 krónum frá 4. október 2016 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.700.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir

